

gegna meðdómandastörfum, þegar hinn rétti meðdómandi er fatlaður.

1861.

31. ágústm.

Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, til þess þér hagið yður eptir því, að dómsmálastjórnin leyfir, að Stephen- sen sekretèra sèu borgaðir 75 ríkisdalir alls úr dómsmálasjóðnum fyrir það, er hann var settur til að gegna dómastörfum í yfir- rættinum, svo sem fyr er sagt, og er í þessu einnig fólgið endur- gjald fyrir ferðakostnað hans; má og hér eptir fara að á líkan hátt, þegar nauðsyn verður á að setja einhvern mann, er ekki hefir föst laun úr ríkissjóði, til að gegna dómastörfum í rétt- inum um stundarsakir, vegna þess að einhver af dómendum er sjúkur.

Þar sem þér, herra stiptamtmaður, í sambandi við þetta mál hafið hreift því, að 10 ríkisdala þóknun sú, sem ákveðin er í konungsúrskurðinum frá 25. septemberm. 1816, sem fyr er getið, að yðar áliti sè of lítil, einkum í löngum og flóknum málum, og að þess vegna mundi vera ástæða til að hækka hana eptirleidis, þá skal þess getið, að stjórnarráðinu ekki þykir vera ástæða til að fá konungsúrskurði þessum breytt, að því er snertir ákvörðun þá, sem hér er um rætt.

**57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 4. septbr.
yfir Íslandi, um hvenær laudfógeti, sýslumenn og
umboðsmenn skuli senda reikninga sína.**

Með því dómsmálastjórnin eigi enn er búin að fá jarða- bókarreikninginn íslenzka fyrir fjárhagsárið 1860—61, og þar að auki vantar nokkra aðra reikninga um tekjur ríkissjóðsins af Íslandi á því fjárhagsári, er nú var nefnt, þá hefir ekki orðið samið í tækan tíma hið fyrirskipaða reiknings-yfirlit yfir tekjur og gjöld, er Ísland snerta á því ári; svo hefir eigi heldur, svo sem ákveðið er að vera skuli, orðið haft tillit til tekjanna á síðast liðnu fjárhagsári, þá er samið var frumvarp til fjárlaganna fyrir árið 1862—63.

Til þess að varna því, að slíkt beri við framvegis, skorar

1861. dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, að þér brýnið
4. septbr. alvarlega fyrir landfógetanum á Íslandi og sýslumönnum þeim
og umboðsmönnum, sem eru í umdæmi yðar, að eigi megi út
af því bregða, að þeir á ári hverju sendi amtinu svo snemma
reikninga sína, að þeir geti komizt hingað í síðasta lagi með
þriðju póstskeipsferðinni frá Íslandi, en að öðrum kosti verði
eigi hjá því komizt að við hafa þau þvingunarmeðöl, er með
þarf í þessu efni.¹

9. septbr. **58. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir-
valdanna á Íslandi, um læknislyf handa stúdentum
á prestaskólanum.**

Eptir að þér herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi
herra, voruð búnir að láta í ljósi álit yðar um úrskurð þann, er
lagður var á 12. útásetningagrein við reikninga um tekjur og
gjöld hinna lærðu menntunarstofnana á Íslandi fyrir tímabilið frá
1. aprílm. 1854 til 31. marzm. 1856, viðvíkjandi 5 rdl. 36 sk.,
er varið hefir verið fyrir læknislyf handa tveim stúdentum á
prestaskólanum, hefir stjórnardeild sú, er hefir á hendi rannsókn
reikninga í konungsríkinu, skotið undir úrlausn dómsmálastjórn-
arinnar, hvort heimild sé fyrir því í gildandi lögum, að stúd-
entar á prestaskólanum fái læknislyf ókeypis, þá er þeir sýkjast.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, yður til leið-
beiningar, að þó svo væri, sem ekki eru komnar fram neinar
skýrslur um í málinu, að þessir tveir prestaskólastúdentar hafi
haft ölmusu, þá er engin heimild til að veita þeim læknislyf
ókeypis í sjúkdómi í stjórnarráðaúrskurðum þeim, sem yfirstjórn-
endur skólans hafa skýrskotað til, en það eru rentukammerbréf
28. marzm. 1787, kanselibr. 6. maím. s. á. og kanselí-cirk.
16. septemberm. 1820; en eptir því, sem ástatt er, má í þetta
skipti við svo búið standa í þessu efni.

1) Sama dag voru amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu
og amtmanninum yfir vesturumdæminu rituð bréf sama efnis, um
reikninga sýslumanna og umboðsmanna í umdæmum þeirra.